

Borgarnes 7. febrúar 2018

**Efni: Ályktun vegna skýrslunnar “Þróun safnastarfs í Borgarbyggð – aukin starfsemi í menningarhúsinu Hjálmakletti”.**

Starfsfólk Menntaskóla Borgarfjarðar (MB) lýsir yfir alvarlegum áhyggjum af tillögum sem koma fram í skýrslunni “Þróun safnastarfs í Borgarbyggð – aukin starfsemi í menningarhúsinu Hjálmakletti”. Við viljum fyrst og fremst standa vörð um hagsmuni nemenda og skólans og tryggja að skólinn geti vaxið og þróast.

Helstu áhyggjuefni eru eftirfarandi:

**1. Svæði sem merkt er C og Cc í skýrslunni:**

Það er mat starfsfólks MB að starfsemi Upplýsingastofu í forstofu hússins sem og húsvardarrými (sem einnig er geymsla fyrir borðbúnað og fleira) samræmist alls ekki skólastarfinu. Að fjarlægja fatahengi, skóhillur og geymsluskápa nemenda er ótækt.

**2. Svæði sem merkt eru B í skýrslunni:**

Í skýrslunni er lagt til að bókasafn verði staðsett í stofu 100 sem er kennslustofa í fullri nýtingu skólans. Það er óásættanlegt að okkar hálfu, allar skólastofur MB eru nýttar og í fleiri tilfellum en færri þarf fleiri skólastofur. Þá er enn fremur gert ráð fyrir fjölgun nemenda í skólanum í náinni framtíð.

**3. Svæði sem merkt er E í skýrslunni:**

Um er að ræða félagsaðstöðu nemenda. Það er óljóst hvaða aðstöðu nemendur gætu fengið í staðinn. Óviðunandi væri að setja nemendur í rými G sem er gluggalaust, langt í burtu frá allri starfsemi og útgönguleiðir ekki tryggar.

**4. Svæði merkt A, Aa og Aaa í skýrslunni:**

MB er heilsueflandi framhaldsskóli og með núverandi fyrirkomulagi er stjórnendum skólans og starfsfólki kleift að hafa áhrif á hvers konar matur er



## MENNTASKÓLI BORGARFJARÐAR

Þorinn á Þorð fyrir nemendur og starfsfólk. Þá er einnig óljóst hvernig utanaðkomandi rekstraraðili ætti að geta boðið nemendum og starfsfólki sömu kjör á mat og verið hefur. Mötuneyti MB er ekki rekið í hagnaðarskyni. Engin trygging er fyrir langtímasamningum utanaðkomandi rekstraraðila. Þá eru áhyggjur af því að nemendur gengju ekki fyrir "borgandi" viðskiptavinum í mat í hádegi. Nemendur hafa einungis 40 mínútur til að klára matartímann og koma sér í næstu kennslustundir.

Þá vill starfsfólk MB einnig koma því á framfæri að húsnæðið var byggt sem skóli og er ekki sambærilegt húsnæði Nýheima á Höfn sem hýsir m.a. FAS ([www.fas.is](http://www.fas.is)) auk þess sem sú starfsemi sem fer saman við skólastarfið þar er ekki sambærilegt því sem lagt er til fyrir Menntaskóla Borgarfjarðar.

Starfsfólk MB hefur einnig verulegar áhyggjur af vinnufriði nemenda skólans með þeirri starfsemi sem fara skal fram í samspili B, A og C sem hefði í för með sér meiri umgang um ganga skólans á öllum tímum. Óttast starfsfólk sérstaklega þau áhrif sem slíkt hefði á nemendur sem af misjöfnum ástæðum standa höllum fæti.

Starfsfólk MB vill þó koma á framfæri skilningi fyrir vilja sveitastjórnar til að Hjálmaklettur nýtist betur og að auka tekjur af húsinu. En með því að þrengja að starfsemi skólans hljóta þó leigutekjur sveitarfélagsins frá MB að lækka og óljóst hvort leigutekjur annarra myndu bæta slíkt upp. Svæði B, C og Cc eru rými sem ríkið er með á leigu fyrir hönd skólans, miðað við tillögur skýrslunnar myndu þær leigutekjur falla niður.

Niðurstaðan er sú að við teljum okkur alls ekki mega missa svæði B, C og Cc en ef það er vilji sveitarfélagsins að auka við starfsemi hússins þá er það helst svæði E, Ee og Eee sem Borgarbyggð gæti ráðstafað. Með góðum vilja yrði þá nemendum fundin önnur félagsaðstaða.

### Virðingarfyllst

**Starfsfólk Menntaskóla Borgarfjarðar**